

**Brostnir  
eldveggir –  
brotið lýðræði  
(Samt engin  
mella...)**

**Aðstæður blaðamanna í  
dreifðri byggð á Íslandi**

19 okt. 2014

Björn Þorláksson

# Tvískipt hlutverk fréttamiðla

- Samfélagssmiðurinn = góðar fréttir
- Varðhundurinn = vondar/óvinsælar fréttir

# Skyldur fjölmiðla

- „Fjölmiðlar hafa skyldur gagnvart almenningi til að greina satt og óvilhallt frá atburðum og málefnum“
- „Því eru skyldur blaðamanna fyrst og fremst við borgarana“
- „Þar sem fjölmiðlar eru í þeirri stöðu að miðla efni eiga þeir að vera í hlutverki varðhundsins sem upplýsir almenning um það sem skiptir hann máli. Þetta hlutverk fjölmiðla þarf að taka mjög alvarlega og má ekki draga úr þessu hlutverki með því að hagnýta sér vald miðilsins í þágu óskyldra hagsmuna eigenda eða annarra“ (bls. 14).

# Hugsjón blaðamennskunnar

- Köllun blaðamannsins er því háleit og fögur og menn gætu sagt eitt hið háleitasta og fegursta sem nokkur maður getur tekið sér fyrir hendur að starfa að. En því æðri, fegurri, helgari og háleitari sem sú köllun er því meiri vandi og ábyrgðarhluti er henni samfara. Eigi er það sú ábyrgð, er hér á ég við, sem ritstjóri getur orðið krafinn til fyrir starf sitt samkvæmt prentfrelslögnum heldur er það hin **siðferðislega** ábyrgð sem eðlilega leiðir af köllun hans. Hann verður vandlega að hugleiða og gera sér ljósar allar þær afleiðingar sem af því leiða að hann fylgir þeirri stefnu sem hann hefir... Hann má aldrei tala þvert um hug sér og eigi láta hræða sig frá sannfæring sinni því að hennar má hann aldrei ganga á bak þótt það gildi líf hans og mannorð, fé og fjör. Hann má því eigi láta það aftra sér þótt alþýðuhylli hans liggja við því sannleikurinn er meira verður... Hvorki hatur né vinátta manna má hafa nein áhrif á starf hans í þjónustu sannleikans (Guðjón Friðriksson, 2000, bls. 32).

# Tvívætt rannsóknarspurning

- Hvert telja ritstjórar héraðsfréttamiðla helsta hlutverk sitt?
- Hefur ritstjórnarlegt sjálfstæði héraðsfréttamiðla breyst eftir hrun og þá hvernig?

## Tilgátur:

- Héraðsfréttablöð setji hlutverk samfélagssmiðsins ofar en hlutverk varðhundsins.
- Sú ákvörðun stafi að hluta til af því að skil auglýsinga og ritstjórnarefnis kynnu að hafa orðið óljósari eftir hrun vegna rekstrarvanda staðarfjölmiðla.
- Beinn utanaðkomandi þrýstingur bjagi fjölmiðlun og ráði nokkru um hvað staðarmiðlar setja á dagskrá.

# Aðferð og framkvæmd

- Eigindleg rannsókn
- Viðkvæm vinna, krafðist trúnaðar
- Hálfstöðluð viðtöl
- Sex ritstjórar – fimm karlar – ein kona
- Október 2013- apríl 2014

# Tveir efnisflokkar

- Að lokinni þaulskoðun viðtalanna leiddi þemagreining rannsóknargagna í ljós tvo efnisflokkar:
- Viðhorf og ýmis vandamál í blaðamennsku.
- Breytingar tengdar tæknibyltingum og auknum efnahagsörðugleikum í kjölfar hruns.

# NIÐURSTÖÐUR

- Mikil áhersla á „patriotisma“ eða héraðshyggju og „samfélagssmiðshlutverkið“.
- Takmörkuð hugmyndafræðileg áhersla á „varðhundshlutverkið“ eða aðhald að stjórnvöldum/héraðshöfðingjum.
- Afkastakrafa tengd tæknibreytingum hefur áhrif á sjálfstæði fjölmiðla.



# Niðurstöður – frh.

## **Sjálfritskoðu** vegna:

- auglýsinga/efnahags
- nálægðarvanda í samfélaginu
- hruns eldveggja
- Þrátt fyrir erfiðar aðstæður lifir hugsun um blaðamennsku sem annað en móttökustöð fyrir tilkynningar – „ég er engin helvítis mella!“
- Rekstur fjölmiðla þungur en vonir bundnar við netið sem og þá staðreynd að landsfjölmiðlar hafa lagt niður stöður blaða- og fréttamanna úti á landi þannig að göt fyrir upplýsingamiðlun þurfi að fylla - sóknarfæri.

# Rökstuðningur glaðasta hunds í heimi?

- Það eru veitt verðlaun hérna fyrir uppsveitung ársins, verðlaun í uppsveitunum fyrir jákvæðni og blablabla og þau fékk nú kollegi minn fyrir að ritstýra [ ] verðlaun fyrir að vera með jákvæðar ... og skemmtilegar fréttir.
- (Samfélagssmiðurinn)

# Blaðamenn ekki alveg óháðir?

- Ég hef sagt það í leiðurum sem ég hef skrifað undanfarin ár að ef ég skrifa, hérna, gagnrýnið eitthvað, þú veist ... um ráðherra eða einhverja stóra aðila sem mér finnst að megji fá aðeins orð í eyra, að þá er ég að hugsa þetta sem hagsmuni fyrir svæðið.
- (Í liði með héraðshöfðingjunum?)

# Takmörkuð áhersla á aðhald

*ég gerði alveg eitthvað svona, byrjaði, en svo fannst mér ég bara þurfa að passa mig.*

*ég held ég geti sagt og það var það sem ég ætlaði að fara að segja, sko, þetta í rauninni sagði okkur það, hvort sem við getum kallað það rétt eða rangt, að við milduðumst talsvert eftir þetta, ég sem sagt, til að gera langa sögu stutta, get ég alveg upplýst það að það er stefna [ ] í dag að taka ekki á á erfiðum málum.*

# Aukin tækni engin blessun

- Meira sírennsli fréttar með Internetinu
- Lítil krafa í umhverfinu um að héraðsmiðlar afhjúpi spillingu
- Minni djúpköfun heilt yfir
- Almennatenglar fá almennarýmið
- Snýst blaðamennska þá í auknum mæli um sérhagsmuni á kostnað almannahagsmuna?

# Sjálfssritskoðun, auglýsingar og nálaegðarvandi

- Nálaegðin ýtir undir sjálfssritskoðun
- Rekstraraðstæður ýta undir sjálfssritskoðun
- Þrýstingurinn kemur að innan – ekki bara að utan
- Mild fréttastefna sem forvirk aðgerð?

# Nokkur eldfim ummæli um brostna eldveggi

- Við erum kannski meira að verðlauna þá sem eru að auglýsa hjá okkur, við kannski hugsum aðeins meira um þá heldur en þá sem auglýsa ekki neitt hjá okkur.
- Við erum ekki að setja fólk á kaldan klaka þótt það kaupi ekki auglýsingar hjá okkur ...en þeir fá kannski meiri þjónustu, hinir.
- Ég skal ekkert neita því að við erum háð auglýsendum, þú veist ef þú ert með of stóra kúnnna hérna sem gætu jafnvel haft veruleg áhrif á reksturinn ef þeir myndu hóta að hætta að kaupa af þér, þú veist.
- Ég viðurkenni það bara algjörlega að ég myndi lenda í vandræðum ef [ ] risastór kúnni hjá okkur, lenti í einhverju mjög vondu máli.

# Áhrif af hruni eldveggjanna?

- Efi kviknar að fjölmiðlar valdefli almenning?
- Í umfjöllun eru ekki allir jafnir
- Auglýsendur skulu fá fréttabónusa
- Hikað við að skrifa gagnrýnið um auglýsendur. Sveitarfélög oft stórir auglýsendur.



# Er blaðamennska bissness?

***Ég er samt engin helvítis mella, skilurðu?***

# Hlutverk fjölmiðla

- En hvað þá með hinar lýðræðislegu skyldur og upplýsingahlutverkið?
- Auka fjölmiðlar lýðræðishalla í stað þess að vinna gegn honum?
- Hvað með ákall Rannsóknarskýrslu Alþingis?
- Hvað um kröfuna um aukið sjálfstæði?
- Hvað um kröfuna um aukna gagnrýni?
- Hvað um kröfuna um almenna siðbót?

# Hvergi skuli hika...

- Persónulegar aðstæður blaðamanna mega ekki hafa áhrif á fréttavinnslu þegar lög eru brotin eða gengið gegn almannahagsmunum
- Telst fjárhagur ritstjóra/fjölmiðla persónumál?
- „Því varðhundshlutverkið bjóði að blaðamenn hiki ekki við að segja frá því sem er óþægilegt og sársaukafullt (Skýrsla mennta- og menningarmálaráðuneytisins)

# Hvað með blaðamenn sem komast ekki að fyrir hinum?

*Þeir sem ekki stunda blaðamennsku af heilindum geta staðið sem hindranir fyrir því að annað og betra blaðafólk geti komist að vegna smæðar markaða, á sama tíma getur þú líka verið að koma í veg hérna fyrir að einhver annar með meira hugrekki og sjálfstæði geri þetta almennilega, að skrifa héraðsfréttablað.*

# Viðbótarpunktur

- Reynt að ýta blaðamönnum úr Blaðamannfélaginu?
- Vaxandi hlutfall free lance blaðamanna. Um þá gilda ekki skyldur fagstétta s.s. siðareglur BÍ.

# Vangaveltur

- Áhersla á samfélagssmiðshlutverk héraðsfréttablaða þvinguð hugmyndafræði?
- Mild forvirk fréttastefna og e.t.v. selektív hinum auðugari í hag, forvirk aðgerð gegn t.d. því sem Herman og Chomsky kalla aðkast (flak). Þrýstingur að innan ekki síður en utan.
- Fá héraðshöfðingjar takmarkað aðhald, m.a. vegna kröfu samtímans um linnulaus afköst á netinu?
- Mokstur fréttu á vefsíður héraðsfréttablaða þýði að lítill tími gefst til djúprannsóknna hjá blaðamönnum (andstæða sjálfstæðra og gagnrýninna vinnubragða).

# Fóður til frekari rannsókna

- Sigur markaðsaflanna – og þá einkum í formi auglýsingavalds – gagnvart óskertu sjálfstæði fjölmiðla þýði að viðskiptaöfl þurfi ekki lengur að beita fjölmiðla öflugum þrýstingi utan frá, hvað þá eiga þá, til að ná fram tilætluðum áhrifum á fréttastefnu blaða.
- Hvaða áhrif hefur það á jafningjalýðræði ef eldveggir breyta og hinir fjársterkari geta keypt sér jákvæða fréttaumfjöllun eða komið í veg fyrir gagnrýnin efnistöð sama miðils og auglýst er hjá?
- Hvað verður um fréttina sem þarf að segja ef t.d. ríkisfréttamenn eru horfnir úr sama héraði vegna niðurskurðar og engir aðrir fjölmiðlar eftir á svæðinu?

# Hefur skylda fjölmiðla snúist upp í andhverfu sína?

*Fjölmiðlar sem ekki standa sig þeir hafa það hlutverk að vera þá bara enn ein styrkingin undir valdið og ég myndi segja að á héraðsmiðlum væri það miklu stærri og verri og erfiðari ákvörðun að sko hérna að taka að standa gegn valdinu heldur en á stórum miðli.*



# Kostar klof að ríða röftum...

- Samkvæmt rannsóknaniðurstöðum þarf að búa blaðamönnum betri aðstæður svo þeir geti starfað sjálfstætt rekstrarlega og sýnt hugrekki og aðhald þegar það á við. Ekki síst þegar viðkvæmar fréttir ganga gegn meginstraumi.
- En það mun sennilega kosta peninga úr almannasjóðum?
- Styður samfélagið slíkar hugmyndir?
- Átökin um Rúv.

# Til íhugunar

- Hvernig skyldu niðurstöður þessarar rannsóknar tóna inn í klassíska byggðaumræðu hér á landi?
- Þar sem **varnarhlutverk** dreifðra byggða er ríkjandi í umræðunni.
- Er betra að hafa „bjagaðan“ fjölmiðil sem spilar vörnina með handhöfum valds í héraði en enga rödd?
- Hefur byggð í vanda ekki efni á að hugsa um eldveggi?